

Taktu þátt í Söngvakeppninni 2017!

Sendu inn lag og taktu þátt!

ATRÍÐI SEM GOTT ER AÐ HAFA Í HUGA:

Fyrirkomulag keppinnar:

Söngvakeppnin 2017 fer fram í þremur beinum útsendingum í mynd-, hljóð- og rafrænum miðlum RÚV í febrúar og mars. Forkeppnir verða 25. febrúar og 4. mars og úrslitin fara svo fram í Laugardalshöll 11. mars. RÚV velur lög í forkeppnina. Helmingur þeirra keppa hvort kvöldið í forkeppninni og eftir það munu þau stigahæstu etja kappi í úrslitum.

Innsending laga:

Öllum framlögum skal hlaðið upp á vef RÚV ásamt helstu upplýsingum um lag og höfunda. Farið er inn á vefsíðuna www.songvakeppnin.is og leiðbeiningum fylgt. Hægt er að hlaða upp lögum fram til föstudagsins 28. október kl. 11:59 á hádegi. Athugið að ekki verður hægt að hlaða upp lögum eftir þann tíma. Við hvetjum því höfunda til að byrja tímanlega.

Útsetning laga:

Framlög þurfa ekki að vera tilbúin í endanlegri útgáfu. Þau þurfa þó að gefa greinilega til kynna hvernig lag og laglína hljómar með undirspili ásamt einni eða fleiri söngroddum. Framlög mega vera á erlendu tungumáli svo framarlega sem íslenskur texti fylgi með umsókn. Ef lag kemst áfram skal höfundur í samstarfi við RÚV fullvinna lagið með þeim flytjanda sem valinn verður.

Fjöldi innsendra laga:

Hver lagahöfundur má að hámarki senda tvö lög í keppnina. Textahöfundum er þó heimilt að vera höfundar/meðhöfundar að fleiri en tveimur textum.

Upplýsingar & dulnefni höfunda:

Pegar lag er hlaðið upp skal einnig skrá helstu upplýsingar um lag og höfunda ásamt kennitölu, heimilisfangi, símanúmeri og netfangi. Mikilvægt er að höfundar velji sér dulnefni þar sem lagavalnefnd fær aðeins uppgöfin dulnefni og nöfn laga í valferlinu.

Tungumál:

Öll lög í forkeppni Söngvakeppninnar 2017 skulu flutt á íslensku. Þau lög sem komast áfram í úrslit skulu flutt á því tungumáli sem höfundur hyggst flytja lagið á í ESC 17 í Úkraínu, skyldi það vinna. Höfundur skal taka fram í umsókn á hvaða tungumáli hann hyggst flytja lag komist það í úrslit, en endanleg ákvörðun um tungumál verður síðar tekin í samráði við RÚV.

Texti:

Allir höfundar þurfa að hlaða upp íslenskum söngtexta (sem .doc, .docx, .pdf, .rtf eða .txt skjal) með umsókn. Liggi erlendur texti fyrir við innsendingu er höfundi frjálst að láta hann fylgja með. Annars skal hann samþykktur af RÚV áður en upptökur á erlendri útgáfu lags fer fram.

Flytjandi:

Flytjendur á innsendum upptökum (demói) eru ekki sjálfkjörnir flytjendur ef lag fer áfram í forkeppnina. RÚV hefur endanlegt ákvörðunarvald um val á flytjendum en ákvörðun er tekin í samráði við höfunda.

Lagaval:

Pegar umsóknarfresti lýkur tekur lagavalnefnd við og velur þau lög sem taka þátt í forkeppninni. Þegar valnefnd hefur lokið störfum verður haft samband við höfunda og þeim gerð nánari grein fyrir reglum Söngvakeppninnar 2017, framgangi mála og undirbúnings- og upptökuferli.

Meðferð innsendra laga:

Allir sem senda inn lag en komast ekki áfram í keppnina verða látnir vita með tölvupósti í síðasta lagi 1. desember 2016. Eftir það er höfundum þeirra laga frjálst að nota lög sín á öðrum vettvangi. RÚV eyðir öllum innsendum framlögum sem ekki eru valin til þátttöku.

GANGI YKKUR VEL!